

ERINDISBRÉF

Viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður:

Borgarritari.

Hlutverk viðburðastjórnar:

Ráðhús Reykjavíkur er mikilvæg miðstöð stjórnsýslu, þjónustu, menningar og lista. Í Ráðhúsinu eru alla jafna fjölmargir viðburðir í hverjum mánuði auk þess sem húsið hýsir miðlæga stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og menningar og ferðamálasvið. Viðburðastjórn Ráðhúss er ætlað að samræma ákvarðanatöku og stefnumörkun er snýr að Ráðhúsinu og tryggja upplýsingaflæði á milli þeirra aðila sem að starfsemi hússins koma.

Helstu verkefni:

- Afgreiðir beiðnir sem berast um afnot af Tjarnarsalnum og öðrum húsakosti Ráðhúss í samræmi við reglur þar að lútandi.
- Afgreiðir beiðnir um þátttöku Reykjavíkurborgar í viðburðum og uppákomum í Tjarnarsal og öðrum húsakosti Ráðhúss.
- Afgreiðir ýmis erindi er varða húsakost Ráðhússins, t.a.m. vegna flöggunar, lýsingar og merkinga.
- Veitir umsögn um afgreiðslur á beiðnum um umfangsmiklar móttökur borgarstjóra eftir atvikum.
- Veitir umsögn um aðkomu borgarinnar að viðburðum/uppákomum eftir atvikum
- Ber ábyrgð á að reglum um Tjarnarsal sé framfylgt og leggur til endurskoðun á þeim eftir þörfum.

Viðburðastjórn skipa:

Dagný Ingaóttir, fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður).

Bjarni Vilhelm Stefánsson, fulltrúi skrifstofu þjónustu og reksturs.

Björg Jónsdóttir, fulltrúi menningar- og ferðamálasviðs.

Sólveig Ólafsdóttir, fulltrúi upplýsingadeildar.

Anna Karen Kristinsdóttir, móttökufulltrúi Reykjavíkurborgar.

Fulltrúi húsvarðateymis.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Guðlaug S. Sigurðardóttir, fulltrúi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Starfsmaður hópsins

Sigurlaug Sigurðardóttir, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Starfstímabil: Viðburðastjórn starfi til ársloka 2019 og verður þá endurskipuð.

Reykjavík, dags.

Stefán Eiríksson



TJARNARSALUR RÁÐHÚSS REYKJAVÍKUR

Tjarnarsalur Ráðhússins er hluti af opnu rými Ráðhússins sem ætlaður er almenningi og þar eru haldnir ýmsir viðburðir sem gestir geta sótt. Í vesturhluta Tjarnarsalarins er Íslandslíkanið staðsett sem hefur mikið aðdráttarafl fyrir bæði innlenda og erlenda gesti. Tjarnarsalurinn er leigður út fyrir fjölbætta starfsemi og ber þar helst að nefna tónleika, sýningar, ráðstefnur, smærri fundi, kynningar og margt fleira. Tjarnarsalur er jafnframt eitt af móttökuhúsum borgarstjóra. Opnunartími Ráðhúss Reykjavíkur er alla daga vikunnar kl. 08:00 - 20:00.

1. Tjarnarsalur Ráðhúss Reykjavíkur er leigður undir viðburði. Salurinn er ekki leigður fyrir einkasamkvæmi. Salurinn skiptist í austur- og vestursal og er ýmist hægt að leigja annan hvorn eða báða salina í einu. Einnig er hægt að leigja gönguás undir viðburði.
2. Óheimilt er að innheimta aðgangseyri að viðburðum. Í undantekningartilfellum er sala á varningi viðkomandi viðburðar leyfð en dæmi um slíkt er sýningin Handverk og Hönnun þar sem verið er að stuðla að eflingu handverks, listiðnaðar og hönnunar. Þá eru auglýsingar fyrirtækja óheimilar í Ráðhúsi Reykjavíkur nema til komi samþykki leigusala og að auglýsingin sé í beinum tengslum við viðburði. Áfengisauglýsingar eru með öllu bannaðar í Ráðhúsi Reykjavíkur og skiptir þá engu hvort um er að ræða auglýsingu á léttöli.
3. Viðburðastjórn Ráðhúss er tengiliður fyrir leigu á Tjarnarsal. Viðburðastjóri getur aðstoðað leigutaka við skipulagningu en uppsetning er alfarið á ábyrgð og í höndum leigutaka sem skal hafa samráð við húsvörslu Ráðhúss. Engin ábyrgð er tekin á munum eða sýningargripum. Leigutaki ber ábyrgð á þeim munum sem hann kemur með inn í salinn og einnig ber leigutaki fulla ábyrgð á hinu leigða. Leigutaka ber skylda til þess að tilkynna tjón á hinu leigða til viðburðastjórnar Ráðhúss eins fljótt og verða má.
4. Innifalið í leigu á Tjarnarsal eru stólar, borð, senupallur, fatahengi, fast sýningartjald, flettitafla, ræðupúlt, hljóðkerfi fyrir fundi og létt þrif. Ef viðburður er þess háttar að hann krefjist meiri þrifa bætist við kostnaður vegna þrifa eftir gjaldskrá. Ekki er leyft að nota konfetti í Ráðhúsi Reykjavíkur. Engin sýningarskilrúm eru til staðar og óheimilt er að setja slíkt upp nema í samráði við viðburðastjórn Ráðhúss. Við uppsetningu er starfsmaður húsvörslu Ráðhúss til taks til ráðgjafar án endurgjalds.
5. Í leiguverði á Tjarnarsal er ekki innifalið hljóðkerfi fyrir tónlistarflutning, hljóðmaður, skjávarpi, tölva eða veitingar. Hægt er að leigja tölvu, skjávarpa og auka tjald samkvæmt gjaldskrá.

6. Heimilt er að bera fram veitingar í Tjarnarsal sem leigutaki sjálfur ber ábyrgð á. Einn starfsmaður að lágmarki á vegum Tjarnarsalar skal vera ráðinn til framreiðslu og greiðist kostnaður við það aukalega samkvæmt gjaldskrá. Hægt er að útvega fleira starfsfólk til framreiðslu sé þess óskað. Ekki er veitt aðgengi að eldhúsi Ráðhúss.
7. Sérstaklega þarf að greiða fyrir að lágmarki einn starfsmann ef viðburður er utan hefðbundins opnunartíma eða fjöldi gesta krefst þess.
8. Ofan á leigutaxta bætist við virðisaukaskattur, 24,0%.
9. Reykingar og rafrettur eru bannaðar í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10. Reglur þessar taka mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Ef upp koma vafamál um innkomin erindi hefur viðburðastjórn Ráðhúss heimild til þess að senda erindið til faglegrar umsagnar.

Verðskrá

(verð án VSK 24,0%)

Leiga fyrir ráðstefnur, fundi, sviðsviðburði eða sýningarhald í Tjarnarsal Ráðhúss

Grunnleiga mánudaga til föstudaga

A) Vestur- eða austursalur	Hálfur dagur – 1 til 4 klst.	60.000 kr.
B) Vestur- eða austursalur	Heill dagur – 1 til 7 klst.	80.000 kr.
C) Vestur- og austursalur	Hálfur dagur – 1 til 4 klst.	120.000 kr.
D) Vestur- og austursalur	Heill dagur – 1 til 7 klst.	160.000 kr.
E) Gönguás	Grunngjald	25.000 kr.
	Daggjald	5.000 kr.

Grunnleiga laugardaga og sunnudaga

A) Vestur- eða austursalur	Hálfur dagur – 1 til 4 klst.	75.000 kr.
B) Vestur- eða austursalur	Heill dagur – 1 til 7 klst.	100.000 kr.
C) Vestur- og austursalur	Hálfur dagur – 1 til 4 klst.	50.000 kr.
D) Vestur- og austursalur	Heill dagur – 1 til 7 klst.	200.000 kr.

Annað

Bollar	60 kr.
Diskar, hnífapör o.fl.	100 kr.
Glös	60 kr.
Pappadúkar per borð	1.200 kr.
Tölva	5.000 kr.
Skjávarpi og tjald	10.000 kr.
Viðbótarstarfsmaður (4 klst.)	30.000 kr.
Framreiðsla per klst.	Lágmark 16.000 kr.
Þrif per. klst.	6.000 kr.

